

Læsi er lykillinn

1.–4. bekkur / 2.–4. þrep



Nemandi á þessu þrepi tjáir sig á öruggan hátt í kunnuglegum aðstæðum. Hann notar málið til að tjá þarfir sínar og hugmyndir, hlusta, spyrja spurninga og taka þátt í samræðum sem snerta líf hans og nærumhverfi. Nemandinn er að ná góðum tókum á umskráningu og þekkir algengar orðmyndir sjónrænt. Nemandinn les stuttar sögur og einfalda fræðitexta og dregur af þeim ályktanir. Nemandi á þessu þrepi skrifar texta af ýmsum gerðum til að miðla eigin reynslu, skoðunum og upplýsingum. Teikningar eru enn mikilvægur stuðningur við ritaðan texta nemanda.

1. þrep

2. þrep

3. þrep

4. þrep

5. þrep

6. þrep

Samræða, tjáning og hlustun

Færniþættir	Áherslur í kennslu
Framsögn, tjáning og endursögn	Framsögn, tjáning og endursögn
Tjáir sig skýrt og áheyrilega.	Ræða við nemendur um raddbeitingu, framburð og raddstyrk við mismunandi aðstæður, hvetja þá til að tala skýrt og veita þeim leiðbeinandi endurgjöf.
Tjáir sig með mismunandi áherslum og blæbrigðum í hópi og frammi fyrir hópi.	Skapa tækifæri fyrir nemendur til að tjá sig og hvetja þá til að segja frá.
Tjáir eigin skoðanir og tilfinningar.	Samræður, samskipti og hlustun
Segir frá eftirminnilegum atburði og/eða lýsir ákveðnu fyrirbæri.	Skapa nemendum tækifæri til að taka þátt í samræðum og hvetja þá til virkrar þátttöku.
Endursegir efni sem hlustað hefur verið á, horft á eða lesið.	Vera fyrirmynd í samræðum; bregðast við spurningum, hlusta af athygli, tjá eigin hugmyndir og spyrja opinna og krefjandi spurninga.
Samræður, samskipti og hlustun	Leggja áherslu á leiðbeinandi endurgjöf í öllum samræðum.
Samræður, samskipti og hlustun	Ræða, búa til og æfa samskipta og samræðureglur með nemendum.
Á góð samskipti, hlustar og hugsar um það sem sagt er.	Gefa nemendum dæmi um hvernig þeir geta tekið þátt í samræðum, s.s. að hlusta, spyrja spurninga, rökstyðja og gefa réttar upplýsingar.
Tekur þátt í samræðum, rökstyður mál sitt, spyr spurninga og gerir grein fyrir hugsunum sínum, skoðunum og þekkingu.	
Gerir sér grein fyrir að hægt er að komast að fleiri en einni niðurstöðu við úrlausn viðfangsefna.	
Skilur að fólk hefur mismunandi skoðanir og tekur tillit til þess.	
Hlustar á efni á fjölbreyttu formi, s.s. upplestur, ljóð, söngva og leikið efni.	

Lestur og lesskilningur

Færniþættir	Áherslur í kennslu
Lesfimi	Styrkja áhugahvöt nemenda á margvíslegan hátt, svo sem með því að vera þeim góðar lestrarfyrirmyndir og tryggja að þeir hafi val um fjölbreytt lesefni.
Lesfimi	Halda áfram að byggja upp sjónrænt minni á algeng orð og orð í nánasta umhverfi með orðalistum, spilum, leikjum og orðarýni.
	Efla hljóðkerfisvitund, stafabekkingu og orðaforða, s.s.:
	kljúfa orð niður í hljóð, að tengja stafi og hljóð, að vinna með samsett orð og orðhluta.
	Sýna hvernig algeng greinarmerki eru notuð, s.s. punktur, spurningarmerki og upphrópunarmerki.
	Æfa og greina raddlestur nemenda og grípa inn í með einstaklingsmiðaðri kennslu.
	Hvetja nemendur til að lesa í hljóði bæði í yndislestri og heimalestri.
Skilningur	
	Kenna nemendum að rýna í upplýsingar til að skilja textann, t.d. greina röð atburða.
	Skapa nemendum tækifæri til að segja frá skoðunum sínum og tilfinningum gagnvart textanum, s.s. varðandi persónur, atburði, umhverfi og boðskap.
	Halda áfram að kenna nemendum að ígrunda texta með því að ræða um hann og hugsu upphátt.
Notkun texta/aðferðir	
	Getur fundið og valið texta sem hæfir tilgangi og áhuga.
	Nýtir sér nokkrar lesskilningsaðferðir, s.s. spyr spurninga, aðlagar leshraða og spáir fyrir um framvindu.
	Getur nýtt sér efni á rafrænu formi.
	Les sér til ánægju.

Ritun/miðlun

Færniþættir	Áherslur í kennslu
Skrift og réttritun	Skrift og réttritun
Skrifar alla stafi læsilega.	Halda áfram að efla hljóðgreiningu og byggja upp sjónrænt minni á algeng orð.
Byggir stafsetningu á hljóðgreiningu og sjónrænum orðaforða. · Nýtir sér einfaldar stafsetningar-reglur, s.s. reglur um stóran og lítinn staf.	Skoða texta og ræða um notkun greinarmerkja, s.s. um punkt í lok málsgreinar, spurningarmerki og upphrópunarmerki.
Byrjar að nota greinarmerki í ritun sinni, s.s. punkt í lok málsgreina.	Leiðbeina nemendum um skrift og gefa þeim tækifæri til að þjálfa rithönd sína.
Nýtir sér einfalda ritvinnslu í tölvu.	Leiðbeina nemendum um notkun ritvinnsluforrita, s.s. hvernig texti er sleginn inn og vistaður og hvernig velja má leturstærð og gerð.
Textagerð	Textagerð
Skrifar stutta einfalda texta og nýtir gjarnan myndir sem stuðning við ritunina.	Kenna nemendum um ólíkar textategundir, s.s. frásagnir, ljóð og upplýsingatexta.
Getur útskýrt frásagnarstíl í eigin ritun.	Skapa nemendum tækifæri til að skrifa fjölbreytta texta í ákveðnum tilgangi og fyrir tiltekna lesendahópa.
Skrifar ólíka texta með skýrum tilgangi og með ákveðinn lesendahóp í huga.	Sjá nemendum fyrir ríkulegum tækifærum til að kynnst nýjum orðum og nýta þau í ritun sinni.
Semur sögu með skýrum söguþræði.	Hvetja nemendur til að skrifa og teikna frá eigin brjósti.
Nýtir sér markvisst í eigin ritun orð úr ýmsum áttum, s.s. úr námsefni, bókmenntum, ýmsum miðlum og talmáli.	Vekja athygli nemenda á því hvernig setja má upplýsingar um fólk og hugmyndir fram á fjölbreyttan hátt í textum.
Aðferðir	Sýna hvernig hægt er að skipuleggja og raða upplýsingum við textagerð.
Ræðir við aðra eða notar teikningar til að undirbúa og skipuleggja ritun sína.	Aðferðir
Sækir upplýsingar á mismunandi miðlum, sjálfur eða með aðstoð, og nýtir/túlkar í eigin texta.	Æfa einfaldar leiðir við að undirbúa og skipuleggja ritun, s.s. ræða saman og teikna, búa til hugtakakort og nýta einfalda ritunarramma.
Byrjar að endurlesa og lagfæra eigin texta, s.s. skipta út orðum og bæta inn greinarmerkjum.	Sýna og æfa einfaldar leiðir til að fara yfir og gera texta betri, s.s. bæta við orðum eða greinarmerkjum.
Nýtir tölvuforrit/smáforrit með fjölbreyttum hætti til að tjá upplifun sína og hugmyndir. · Getur lesið eigin texta fyrir áheyrendur.	Halda áfram að sýna ólíka möguleika á hvernig setja má ritun fram miðað við efni og lesendur.
	Sýna hvernig má finna, skrá og raða upplýsingum úr texta, s.s. nota kort og gröf eða raða í stafrófsröð.
	Veita nemendum tækifæri til að nýta tölvuforrit/smáforrit við ritun/miðlun.
	Ræða við nemendur um ritun þeirra og gefa leiðbeinandi endurgjöf.

